Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í frönskum höfnum við Miðjarðarhafið o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 7. nóv. 1892 (A. nr. 16. bls. 38—41).

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu* **um útmæling á túnstæði hjá Borðeyri.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 18. júní þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 6. mai þ. á., þar sem hann skýrir frá, að annar þeirra kaupmanna, sem reka fasta verzlun á Borðeyri, hafi æskt þess, að sjer yrði útmældur graslaus melblettur í grennd við verzlunarstaðinn til þess að rækta þar tún; álítur sýslumaður mjög hentugt að þessu geti orðið framgengt, þar sem mikið af áburði tilfalli í sjálfum verzlunarstaðnum undan gripum, sem fóðraðir sjeu á aðkeyptu fóðri, og geti á þennan hátt orðið að miklum notum, en eptir afstöðu sjeu ekki líkindi til, að á ofangreindum melbletti þurfi nokkru sinni að halda til hússtæðis. Með því að hjer er um landssjóðseign að ræða, hafið þjer leitað úrskurðar míns í þessu tilliti, og lagt það til, að útmælingin verði leyfð og eptirgjaldið ákveðið mjög lágt. **115** 13. ágúst.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti leyfi til hinnar umbeðnu útmælingar þannig, að eptirgjaldið sje fyrst um sinn ákveðið 10 álnir eptir meðalverði verðlagsskrár ár hvert fyrir túnadagsláttu hverja (900 □ faðma), og ber sýslumanni að innheimta gjald þetta og greiða það í landssjóðinn.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu* **um endurgjald á veittum sveitarstyrk.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 24. nóv. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi hreppsnefndarinnar í Vopnafjarparhreppi, dags. 9. s. m., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 12. febr. f. á., er sýknar Breiðdalshrepp í Suðurmúlasýslu af kröfu Vopnafjarðarhrepps um endurgjald á meðlagi með stúlkunni Guðnýju Þorsteinsdóttur á tímabilinu frá 1. jan. 1887 til 5. ágúst 1888, nema að því er snertir 64 kr. fyrir tímann frá 23. júlí til 10. okt. 1887. Jafnframt hafið þjer og sent mjer þau önnur skjöl, er mál þetta snerta. **116** 30. ágúst.

Eptir að jeg nú loks með brjefi sýslumannsins í Norður-Múlasýslu, dags. 28. f. m., hef meðtekið ný skilríki, málinu viðvíkjandi, er jeg hafði beiðst eptir, skal jeg hjermeð leggja úrskurð á málið sem hjer segir:

Málavextir eru þeir, að stúlkan Guðný Þorsteinsdóttir kom sjer fyrir til lækninga í ágústmán. 1886 hjá Ágúst bónda Jónssyni á Ljótsstöðum í Vopnafirði, sem fæst eitthvað við lækningar, og borgaði með sjer fyrst framan af, en þegar hana þraut fje, sneri Ágúst Jónsson sjer til hreppsnefndarinnar í Vopnafjarðarhreppi, nokkru fyrir áramótin 1886 og 1887 um að fá endurgjald á á-

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja 1892.